



Akraneskaupstaður  
B.t. bæjarráðs  
Stilholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 11. september 2017

1702004 SA/aó

**Efni: Viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun 2017.**

Í fylgiskjölum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 24. maí til og með 24. ágúst 2017, jafnframt sem gerðar eru tillögur að breytingum á innri liðum, afskriftum, leyfisgjöldum o. fl. frá deildarstjóra bókhaldsdeildar alls að fjárhæð kr. 15.133.052 til gjalda. Til að mæta útgjaldaaukningu er arður af eignahlutum hækkaður um kr. 10.133.052 og vaxtatekjur af bankainnistæðum hækkaðar um kr. 5.000.000. Afskriftir eru kr. 13.409.052 sem verður til þess að handbært fé A- hluta hækkar úr 254.045 þús/kr. í 267.454 þús/kr. eða um kr. 13.409.052.

Einnig eru settar fram tillögur verkefnastjóra og forstöðumanna um tilfærslur á milli deilda og innan deilda.

Tillögurnar leiða af sér óbreytta rekstrarafkoma A- og B- hluta.

Ekki eru gerðar tillögur um breytingu á fjárfestingum í tillögum að viðauka nr. 2.

**Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til lækkunar rekstrarafkomu:**

- Hækkun á afskriftum 13,4 m.kr. vegna fjárfestinga á árinu 2016.
- Leyfisgjöld hækkuðu um 5,0 m.kr. (nettó), þar sem féll niður í áætlun, áætluð greiðsla til Þjóðskrár (6,2 m.kr.) vegna afnota af kerfi Þjóðskrár.



Akraneskaupstaður

**Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til hækkunar rekstrarafkomu:**


- Áætlaður Innri færslu (húsaleiga) í fasteignafélagi eru leiðréttar til hækkunar tekna um 3,0 m.kr.
- Áætlaður arður af eignahlutum er hækkaður um 10,1 m.kr. vegna hærri arðgreiðslu frá Faxaflóahöfnum.
- Áætlaðar vaxtatekjur af bankainnistæðum eru hækkaðar um 5,0 m.kr.

Virðingarfyllst,



Steinar Adolfsson,

sviðsstjóri



Andrés Ólafsson,

verkefnastjóri